

# Uppskeruhátíð Þjóðlagasetursins

Í dag, 31. ágúst, er að vanda síðasti sumaropnunardagur Þjóðlagasetursins og í kvöld verður haldin uppskeruhátíð á Brugg húsi Seguls 67. Hjónin Írís Ólöf Sigurjónsdóttir og Hjörleifur Hjartarson frá Tjörn í Svarfaðardal flytja nokkra velvalda söngva. Eyjólfur Eyjólfsson leikur á langspil og meðlimir úr Kvæðamannafélaginu Rímu kveða, syngja tvísöngva og leiða fjöldasöng. Kvöldstundin hefst klukkan 20.30, aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

Mynd og texti: Aðsent.